


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2		
Timburhús TIH10A		
Námsáætlun haustannar 2016		

Nafn kennara:	<i>Halldór Torfi Torfason og Ketill Sigurðarson</i>	Sk.stöfun:	HTT og KES
----------------------	---	-------------------	------------

Námsefni:

Sumarhús VMA – burðarvirki og klæðningar

Ýmis verkefni við byggingadeild VMA

Kennslufyrirkomulag: Nemendur vinna þau verkefni sem kennarar ákveða á hverjum tíma, í skála, utanhúss eða á verkstæði, ýmist einir eða í litlum hópum. Fyrirlestrar eru stuttir og hnitmiðaðir um afmarkaða efnisþætti. Nemendur halda dagbók um unna tíma og verkefni og skila til kennara í lok hvers mánaðar.

Áfanginn er kenndur samhliða áföngunum ÚVH102 og TEH203.

Áfangalýsing: Í áfanganum er kennd smíði staðbyggðra timburhúsa með áherslu á undirstöður, burðar- og milliveggi, þakvirki, klæðningu, einangrun, uppsetningu og smíði glugga, hurða, stiga og innréttinga auk almenns frágangs.

Meðal þess sem tekið er fyrir er útfærsla einstakra byggingarluta, efnisval, staðsetning á stoðum, bitum og sperrum auk umfjöllunar um þakvisti og frágang í kringum þakop.


Áfanginn er að mestu leyti verklegur þar sem nemendur fá þjálfun í almennum verkþáttum húsasmíða eins og meðferð áhalda og tækja, notkun smíðisfestinga, yfirborðsmeðferð og öryggis- og gæðamál.

Lokamarkmið áfanga: Nemandi hafi hlotið menntun í byggingu staðbyggðra timburhúsa og þekki til helstu þátta er varða byggingu slíkra húsa.

Áætlun um yfirferð:

Vika	Námsefni	Verkefni
33–48	Sumarhús VMA	Burðarvirki timburhúss. Smíði og ísetning glugga- og hurðakarma. Utanhússklæðningar . Einangrun og frágangur rakavarnarlags.
33–48	Ýmis verkefni sem upp koma á önninni	Efnisskýrslur, efnisútreikningar, vélvinnsla og lökkun

Athugið: Með vikunúmer er átt við vikur ársins eins og á dagatalinu í INNU.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Síða 2 af 2		
Timburhús TIH10A Námsáætlun haustannar 2016		

Námsgögn:


Tegund	Námsgögn
Ljósrit	Teikningar af sumarhúsi VMA 2016–2017
Annað	<p>Útveggjaklæðningar, IÐNÚ 2005</p> <p>Timburhús e. Anders Frøstrup, IÐNÚ 1996 – er til á bókasafni VMA</p> <p>Ýmsar bækur um timburhús – bókasafn VMA</p> <p>www.steinull.is</p>

Námsmat og vægi námsþátta:

Matsform: Lokapróf			
Námsmatsþættir	Lýsing		Vægi
Starfseinkunn	Undirstöður og gólf	10%	80%
	Veggir – Grindur og klæðning	20%	
	Klæðning á sumarhúsi	20%	
	Önnur vinna í sumarhúsi	20%	
	Önnur matshæf verkefni	10%	
Verklegt annarpróf	4 klst lokapróf í desember		20%
Samtals:			100%

Æfingin skapar meistarann ☺

Dagsetning: 22. ágúst 2016


 Ketill Sigurdarson
 Undirritun kennara


 Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils